



## FISKELDI NESBRAUT 23-27 DEILISKIPULAG

Sveitarfélagið Ölfus

18.11.2019





## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

7992-001-DSK-001-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

1/12

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Þórarinn Ólafsson

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Jón Ágúst Jónsson

### LYKILORÐ

Fiskeldi, Þorlákshöfn, Sveitarfélagið Ölfus, deiliskipulag, Íspór

### STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
- Drög til yfirlstrar
- Lokið

### DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

### TITILL SKÝRSLU

Fiskeldi Nesbraut 23-27 - Deiliskipulag

### VERKHEITI

MÁU fyrir stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn

### VERKKAUPI

Eldisstöðin Íspór ehf.

### HÖFUNDUR

Brynja Dögg Ingólfssdóttir

### ÚTDRÁTTUR

Fyrirtækið Eldisstöðin Íspór hf. áformar að stækka eldisstöð sem það rekur í Þorlákshöfn úr 600 t í 1.800 t ársframléiðslu á laxaseiðum. Deiliskipulag um framkvæmdina er unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og umhverfisskýrsla skv. lögum um umhverfismat álætla nr. 105/2006. Í þessari greinargerð eru settir fram skilmálar ásamt forsendum og umhverfisskýrslu. Fylgiskjal með greinargerðinni er uppráttur í kvarðanum 1:2000.



## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Ölfuss þann \_\_\_\_\_

f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

---

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B- deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	1
2	FORSENDUR	2
1.1	Tengsl við aðrar áætlanir	2
2.1.1	Deiliskipulag	4
1.2	Staðhættir og afmörkun svæðisins	4
3	SKILMÁLAR	5
3.1	Aðkoma og bílastæði	5
3.2	Hönnun mannvirkja og uppdrættir	5
1.3	Sorpgeymslur	6
3.3	Frárennsli	6
3.4	Borholur	6
3.5	Mæliblöð og hæðarblöð	6
3.6	Frágangur	7
1.4	Skilti og lýsing	7
3.7	Heilbrigðis og umhverfismál	7
3.8	Sérákvæði	7
4	UMHVERFISSKÝRSLA	9

## MYNDASKRÁ

MYND 1 Úr aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, breytt í maí 2016. \_\_\_\_\_ 3

## TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. Yfirlit yfir vægi umhverfisáhrifa. \_\_\_\_\_ 9

TAFLA 2. Umhverfismat valkosta. \_\_\_\_\_ 10





## 1 INNGANGUR

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið er afmarkað sem iðnaðarsvæði I2 í aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 skv. breytingu sem samþykkt var í maí 2016.

Íspór hf rekur eldisstöð við Nesbraut 25 í Þorlákshöfn sem hefur leyfi til að framleiða 600 tonn af regnbogasilungs- og laxaseiðum á ári. Fyrirtækið áformar að stækka eldisstöðina í 1.800 tonna ársframleiðslu á laxaseiðum. Meginmarkmið skipulagsins er að setja ramma um fyrirhugaða starfsemi og mótvægisáðgerðir vegna hugsanlegra umhverfisáhrifa. Íspór hf. rekur starfsemi á svæðinu og hefur starfsemin verið á lóð við Nesbraut 25. Deiliskipulagið nær yfir þá lóð og Nesbraut 23 og 27 sem Íspór fær til umráða.

Innan deiliskipulagssvæðisins eru framkvæmdir sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og fellur deiliskipulagið því undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í þessari greinargerð er því einnig umhverfisskýrsla (sjá kafla 6). Matsáætlun hefur þegar verið kynnt og liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar þar um, dags. 9. 10. 2019. Gert er ráð fyrir að frummatsskýrsla verði til kynningar fyrir almenning í upphafi árs 2020.

Með greinargerð þessari fylgir deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2000, dags. 19.11.2019.

## 2 FORSENDUR

Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að framleiða seiði laxfiska (lax eða regnbogi) til áframeldis í sjókvíum Arnarlax á Vestfjörðum og Fiskeldis Austfjarða á Austfjörðum. Að framkvæmdum loknum verður heildar eldisrými um 51.360 m<sup>3</sup>, þar af 46.360 m<sup>3</sup> utandyra og 5.000 m<sup>3</sup> undir þaki. Heildarvatnsþörf í kjölfar framkvæmda hefur verið áætluð allt að 6.500 l/s af jarðsjó, 700 l/s af fersku vatni og 15 l/s af heitu vatni. Gert er ráð fyrir að öll vatnstaka á fersku vatni og jarðsjó fari fram innan lóðar fyrirtækisins en að heitt vatn verði aðkeypt. Lóðirnar eru í eigu sveitarfélagsins Ölfuss.

### 1.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 er svæðið afmarkað sem iðnaðarsvæði 12 skv. breytingu sem samþykkt var í maí 2016. Í skipulaginu segir:

- að svæðið sé 6,7 ha að stærð,
- að leyft nýtingarhlutfall sé 0,2-0,5,
- Fiskeldi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins.



**MYND 1** Úr aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, breytt í maí 2016.

Í aðalskipulagi segir m.a. í kafla 3.2.3 iðnaðarsvæði:

„Markmið:

- *Stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir atvinnu og byggð á svæðinu.*
- *Uppbygging iðnaðarsvæða verði í sátt við náttúruna og þess gætt að ekki verði raskað sérstökum jarðmyndunum eða náttúruminum, fágætum tegundum dýra og plantna og búsvæðum þeirra.*
- *Samfelldum, lítt skertum landslagsheildum skal viðhalda eins og framast er kostur.*

Leiðir:

- *Tekin eru frá rúm iðnaðarsvæði vestan og norðan Þorlákshafnar.*
- *Taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við orkuvinnslu og uppbyggingu annars konar iðnaðar á svæðinu. Þess skal gætt að framkvæmdir gangi ekki á sérkenni þess og hlífi sem mest óröskuðum svæðum.*
- *Á iðnaðarsvæðum verði þess gætt að spilla ekki lífríki, grunnvatni né sérstæðum vatnakerfum, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.“*

„Gert er ráð fyrir að frekari nýting jarðvarma og ferskvatns geti skotið sterkari stoðum undir atvinnulífið, s.s. nýting þessara auðlinda fyrir orku- eða vatnsfrekan iðnað og er horft til þess að orka sem unnin er innan sveitarfélagsins nýtist til uppbyggingar atvinnulífs í sveitarfélaginu.“

„Uppbygging og áfangaskipting iðnaðarsvæða norðan og vestan Þorlákshafnar er háð eftirspurn, eðli og umfangi þeirrar starfsemi sem á svæðin koma. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað og samræmt útlit mannvirkja, frágang umhverfis, sjónræn áhrif, mengunarvarnir, umgengni og samþættingu við útivist, þar sem það á við, á svæðinu.“

Deiliskipulag fiskeldis á iðnaðarsvæði I2 er því í samræmi við áherslur í aðalskipulagi og er til þess fallið að renna styrkari stoðum undir atvinnu og byggð á svæðinu.

### 2.1.1 Deiliskipulag

Fyrir liggur samþykkt skipulag frá hreppsnefnd Ölfuss frá 1989 en það hefur aldrei verið staðfest af Skipulagsstofnun og því ekki í gildi. Þar kemur fram það byggingarmagn sem má reisa á lóðinni.

### 1.2 Staðhættir og afmörkun svæðisins

Um er að ræða lóðir nr. 23, 25 og 27 við Nesbraut, sunnan við þéttbýlið í Þorlákshöfn. Svæðið er alls 6,7 ha og liggur á milli Nesbrautar í norðri og sjávar í suðri. Á svæðinu hefur verið starfrækt fiskeldi um árabíl og hefur stórum hluta svæðisins því þegar verið raskað. Svæðið er fremur flatt og opið fyrir hafi þó að varnargörðum hafi verið ýtt upp, sunnan við lóðina. Samkvæmt vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands [1] er eyðihraunavist ríkjandi vistgerð á svæðinu. Í eyðihraunavist er gróðurþekja að jafnaði mjög lítil og hún er fátæk af tegundum æðplantna og fugla. Vistgerðin er útbreidd á svæðinu og hefur lágt verndargildi. Við ströndina eru hrúðurkarlafjörur ríkjandi vistgerð samkvæmt vistgerðakortinu. Vistgerðinni má lýsa sem mjóu belti af klapparfjöru þar sem skjól er lítið og brim mikið. Vegna brimsins er lítið um plöntur og dýr, helst hrúðurkarlar og/eða smávaxinn kræklingur. Vistgerðin er algeng á landsvísu og talin hafa lágt verndargildi.

### 3 SKILMÁLAR

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda um allar byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulagið

#### 3.1 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að lóðunum verður um núverandi aðkomu frá Nesbraut 25. Umferðarkerfi innan lóðar er sýnt á deiliskipulagsupprætti og er leiðbeinandi.

Fjöldi bílastæða innan lóðar skal miðast af byggingarreglugerð og þeirri starfsemi sem fram fer á svæðinu. Bílastæði skulu anna ríflega þeirri starfsemi sem verður á lóðinni á mestu annatímum. Heimilt er að reisa opið bílskýli á lóðinni til að hlífa bílum fyrirtækisins og starfsmanna við brimi og saltaustri.

#### 3.2 Hönnun mannvirkja og uppdrættir

Deiliskipulagsuppráttur sýnir núverandi byggingar og byggingarreiti. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði. Staðsetning húsa er frjáls innan byggingarreits. Almennt er gert ráð fyrir að hús séu ein hæð en heimilt að nýta ris sem skrifstofur, kaffistofur og geymslusvæði. Hámarks mænishæð skal vera 8,5 m yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Heimilt er að ákveðnir byggingarhlutar svo sem loftræstibúnaður og síló séu hærri, eða allt að 12 m. Nýtingarhlutfall á svæðinu skal takmarkast við stuðulinn 0,5.

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og aðrar reglugerðir segja til um. Samræma skal útlit, þakform, lita- og efnisval á svæðinu. Við hönnun mannvirkja skal gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands skv. 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í megindráttum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, bílastæði, skjólveggi og girðingar og annað sem skiptir máli fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

### 1.3 Sorpgeymslur

Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð 112/2012. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi að þeim sé gott og þær séu lítt áberandi. Leitast skal við að flokka sorp eins og kostur er og koma því í viðeigandi farveg til endurvinnslu.

### 3.3 Frárennsli

Frárennsli frá fiskeldinu rennur út í sjó um tvær fráveitulagnir sem þegar hafa verið lagðar. Leyfilegt er að leggja lagnir fyrir affallsvatn og/eða jarðsjó út í sjó samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og ákvæðum í starfsleyfi viðkomandi fyrirtækis. Í núverandi starfsleyfi er kveðið á um losun og frágang við útrás frárennslis sem og vöktun. Nánara fyrirkomulag fráveitu verður ákveðið í samráði við Umhverfisstofnun sem veitir starfsleyfi fyrir reksturinn.

Mælst er til þess að ofanvatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús verði beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði lóða sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytili smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þaklagnir við að beina vatninu að malarpúðanum. Gera skal grein fyrir tilhögun fráveitu regnvatns á sérteikningum.

Skolp er leitt í rotþró. Staðsetning og frágangur rotþróa skal vera skv. gildandi reglugerðum og í samráði við Umhverfisstofnun. Staðsetning rotþróa á teikningu er leiðbeinandi.

### 3.4 Borholur

Heimilt er að bora eftir jarðsjó og/eða ferskvatni við syðri lóðamörk samkvæmt 14. gr laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er gert ráð fyrir að hægt sé að dæla upp allt að 700 l/s af ferskvatni og allt að 6500 l/s af jarðsjó innan lóðar. Nýting og boranir skulu vera í samráði við Orkustofnun og Umhverfisstofnun og vöktun skal fara fram skv. skilyrðum í starfsleyfi. Staðsetning borhola á teikningu er leiðbeinandi.

### 3.5 Mæliblöð og hæðarblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreita, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð.

Hæðarblöð sýna götuhæðir við lóðarmörk (G), sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum, lóðarhæðir á baklóðarmörkum (L) og hæðartölur fyrir gólfhæð þess hluta húss, sem snýr að götu (H). Mesta hæð á þaki, mænishæð (HM) er einnig gefin í þessum skilmálum. Hæðarblöð sýna enn fremur staðsetningu og hæðir á frárennslis- og vatnslögnum svo og kvaðir um inntök veitustofnana.

### 3.6 Frágangur

Almennt skal frágangur lóða vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir á lóð sinni og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar og uppgefnar hæðartölur. Fylgja ber hæðartölum sem sýndar eru á mæliblaði. Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi út fyrir lóðamörk. Ekki skal raska meira landi í hverjum byggingaráfanga en fyrirhugað er að nýta í viðkomandi áfanga undir byggingar og athafnasvæði. Leggja skal áherslu á góða ásýnd lóðar. Lóðarhafi skal girða af athafnasvæði fiskeldisins.

Skila skal teikningum af lóðafrágangi með byggingarnefndarteikningum. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingu að utan og lóð samkvæmt skilmálum og byggingarnefndarteikningum eigi síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdir hefjast.

### 1.4 Skilti og lýsing

Merkingar bygginga og skilti skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir og skal gera grein fyrir hvar og hvernig þeim er háttað á viðkomandi byggingu eða lóð hennar.

Starfsemi við fiskeldi krefst góðrar lýsingar. Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir birtu og lýsingu sem skal haft að leiðarljósi. Lóðarhafa er frjálst að lýsa upp lóð og mannvirki innan lóðar á meðan lýsing veldur ekki óþægindum eða truflun utan lóðarmarka. Lýsingu skal beint að aðkomu lóða, húsa og vinnusvæðum. Litið skal til þess að velja lýsingu við hæfi og lágmarka ljósmagn eins og hægt er. Lýsing utanhúss skal vera óbein, látlaus og glýjulaus með afskermuðum lömpum. Til að lágmarka orkunotkun og draga úr ljósmengun skal lýsingu stillt í hóf.

### 3.7 Heilbrigðis og umhverfismál

Setja skal upp varnir við slysasleppingum og þær yfirfarnar reglulega. Í gildi skal vera viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga og skal hún vera vel kynnt starfsmönnum og aðgengileg í starfsmannaaðstöðu. Við hönnun stöðvarinnar skal taka mið af nýjustu upplýsingum til að koma í veg fyrir sjúkdóma. Mælst er til þess að lyfja- og efnanotkun verði haldið í lágmarki til að koma í veg fyrir mengun.

### 3.8 Sérákvæði

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir hvern byggingarreit í skipulaginu.

#### Reitir 1 -7

Á reitunum er heimilt að byggja stöðvarhús með tæknirými, verkstæði eða aðrar nauðsynlegar þjónustubyggingar vegna rekstursins. Einnig verður heimilt að staðsetja fóðursíló á reitunum. Heimilt er að nýta rými í rishæð rúmist það innan hæðar- og stærðarmarka.

## Reitir A-E

Á reitunum er heimilt að byggja ker fyrir fiskeldi og annan tengdan búnað eða smáhýsi fyrir framleiðslu tengda nýtingu afleiddra afurða fiskeldisins s.s. vatns og lífrænna leifa. Stærstur hluti mannvirkja skal vera lágreistur eða undir 3 m hæð yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Þó skal heimilt að allt að 5% mannvirkja sé hærri eða allt að 12 m á hæð s.s. síló.



## 4 UMhverfisskýrsla

Deiliskipulagið er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem skipulagið felur í sér framkvæmd sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Við gerð umhverfismatsins var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum, sem eru:

1. Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
2. Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti á áhrifasvæði.

Þættir þessa deiliskipulags sem helst valda áhrifum á umhverfi eru uppbygging mannvirkja, vatnstaka og áhrif frárennslis frá fyrirhuguðum eldiskerum til sjávar.

Þeir umhverfisþættir sem helst gætu orðið fyrir áhrifum af völdum skipulagsins eru **samfélag, grunnvatn, sjór og strandsvæði, fornminjar og fuglalíf.**

Umhverfisskýrslan er byggð á gögnum sem safnað var fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og má sjá nánari umfjöllun í frummatsskýrslu, *Stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn* og er skýrslan aðgengileg á heimasíðu EFLU

**TAFLA 1.** Yfirlit yfir vægi umhverfisáhrifa.

VÆGI ÁHRIFA	TÁKN	SKÝRING
Jákvæð áhrif		Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óveruleg eða engin		Stefna áætlunar hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Neikvæð áhrif		Stefnan áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óvissa		Ekki er vitað um eðli eða umfang áhrifa á umhverfisþáttinn. Skortur er á upplýsingum, tæknilegir annmarkar og/eða skortur á þekkingu.

**TAFLA 2.** Umhverfismat valkosta.

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ	GRUNNÁSTAND	NÝTT SKIPULAG
Samfélag	Mun skipulagið efla atvinnulíf og styrkja byggð?	Stefna um atvinnu í gildandi aðalskipulagi	Við fiskeldið eru nú þegar 11 stöðugildi	Gert er ráð fyrir að eftir stækkun muni stöðugildum fjölga í 20. Auk þess má gera ráð fyrir þó nokkrum störfum á framkvæmdatíma og fjölgun afleiddra starfa.
Grunnvatn	Mun skipulagið hafa áhrif á grunnvatn?	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	Núverandi nýting er 770l/s af jarðsjó og 300 l/s af ferskvatni	Stækkun fiskeldis gerir ráð fyrir nýtingu á jarðsjó allt að 6500 l/s og ferskvatni um 700 l/s. Vatnaskil lagði mat á líkleg áhrif af aukinni vatnstöku og benda niðurstöður til þess að niðurdráttur og þrýstilækkun verði að mestu staðbundin við lóð fyrirtækisins. Metin voru samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum á svæðinu og benda niðurstöður ekki til þess að áhrif verði á núverandi vatnstöku annarstaðar á svæðinu, né framtíðarnýtingu. Vatnstakan veldur niðurdrætti og seltubreytingum. Áhrifin eru því talin neikvæð en óveruleg.
Sjór og strandsvæði	Mun skipulagið hafa áhrif á sjó og/eða strandsvæði?	Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda Skipulagsreglugerð gr. 5.3.2.14 nr. 90/2013	Fjörugerðin við eldisstöðina er brimasöm kletta- og hnullungafjara. Fjörugerðin er algeng og hefur lágt verndargildi. Í fjörunni er fátæklegt smádyralíf og þörung aflóran einkennist af tegundum sem þola mikið brim	Fjaran einkennist af miklu brimi og er því mjög ólíklegt að lífrænt efni nái að safnast upp í fjörunni. Þar sem lífrænt efni frá eldisstöðinni safnast ekki upp er talið að áhrif á fjöruna verði óveruleg. Varnir gegn slysasleppingum eru taldar koma í veg fyrir áhrif á lífríki sjávar. Möguleikinn er þó alltaf til staðar og aukið umfang talið auka líkur á slysum. Áhrifin eru því talin óveruleg en neikvæð
Fornminjar	Mun skipulagið hafa áhrif á minjar?	Lög um menningarminjar 80/2012 með áherslu á gr. 24	Engar þekktar fornminjar eru innan svæðisins	Engar fornminjar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og áhrif því engin

UMHVERFISPÆTTIR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ	GRUNNÁSTAND	NÝTT SKIPULAG
Ásýnd	Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæðisins?		Fiskeldi hefur verið starfrækt á staðnum í fjölda ára og ásýndin einkennist af þeirri starfsemi sem fram fer á lóðinni	Umfang fiskeldisins eykst og verður vissulega sýnilegt frá þéttbýlinu í Þorlákshöfn. áhrifin eru því talin óveruleg en neikvæð
Fuglalíf	Mun skipulagið hafa áhrif á fuglalíf?		Fuglar sækja í frárennsli frá stöðinni og fuglalíf því oft líflegt.	Frárennsli frá stöðinni eykst og því má gera ráð fyrir að ásókn fugla aukist samhliða. Framkvæmdasvæðið er lítið og flokkast sem eyðihraunavist skv. vistgerðarkorti NÍ sem er algengt á nærliggjandi svæðum og fuglalíf strjált og fábreytt. Skipulagið er því ekki talin hafa teljandi áhrif á varp eða búsvæði fugla.

